

169 Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um synjun konungsstaðfest-
 31. desbr. ingar á lagafrumvarpi um eptirlaun. — Með þóknanlegu brjefi, dagsettu 6. nóvbr. f. á., hafið þjer, herra landshöfðingi, sent hingað lagafrumvarp um eptirlaun, er upp hafði verið borið af þingmanna hálfu og samþykkt á alþingi 1895. Er lagafrumvarp þetta alveg samhljóða lagafrumvarpi því um sama efni frá alþingi 1893, er hans hátign konunginum þann 10. nóvbr. 1894 þóknaðist að synja staðfestingar samkvæmt allraþegnsamlegustum tillögum ráðgjafans fyrir Ísland. Þjer hafið og tekið það fram, að hin sömu rök, sem til þess lágu, að síðarnefnt lagafrumvarp eigi hlaut allraðæsta staðfesting, virðist hljóta að gjöra það að verkum, að lagafrumvarpi því, sem hjer er um að ræða, verði synjað staðfestingar.

Af umgetnum ástæðum, sem færðar voru gegn staðfesting lagafrumvarpsins 1894, sbr. brjef ráðaneytisins frá 10. nóvbr. 1894 (Stjórnartíðindi B. bls. 209—10), hefir ráðaneytið einnig orðið að álita þetta lagafrumvarp ófallið til þess að verða að lögum; hefir það því allraþegnsamlegast lagt það til, að frumvarpinu yrði synjað allraðæstrar staðfestingar, og hefir hans hátign konunginum þann 27. f. m. allramildilegast þóknast að fallast á tillögu þessa.

Þetta er yður hjer með þjónustusamlega til vitundar gefið til þóknanlegrar leiðbeiningar og til birtingar í B deild Stjórnartíðindanna ásamt áður nefndu brjefi yðar.

Brjef landshöfðingja:

Alþingi, sem saman kom síðastliðið sumar, hefir eptir löglegan undirbúning samþykkt lagafrumvarp um eptirlaun, sem borið hafði verið upp af þingmanna hálfu, og leyfi jeg mjer hjer með að senda lagafrumvarp þetta bæði eins og það kom frá þinginu og í danskri þýðingu.

Umgetið lagafrumvarp er alveg samhljóða lagafrumvarpi því með sömu fyrirsögn frá alþingi 1893, sem var synjað allraðæstrar staðfestingar af ástæðum þeim, er taldar eru í hæstvirtu brjefi ráðaneytisins frá 10. nóvbr. 1894, og virðast því hinar sömu ástæður hljóta að gjöra það að verkum, að frumvarp það, sem hjer er um að ræða, verði talið ófallið til þess að öðlast staðfesting.

170 Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um synjun konungsstaðfest-
 31. desbr. ingar á lagafrumvarpi um afnám dómsvalds hæstarjettar í íslenskum málum. — Með þóknanlegu brjefi, dagsettu 15. nóvbr. f. á., hafið þjer, herra landshöfðingi, sent hingað lagafrumvarp, sem borið hafði verið upp af þingmanna hálfu og samþykkt á alþingi 1895, um að nema dómsvald hæstarjettar í Kaupmannahöfn, sem æðsta dóms í íslenskum málum, úr lögum. Og hafið þjer látið í ljósi þá skoðun, að lagafrumvarp þetta mundi eigi verða talið til þess fallið að fá fram að ganga, með því að það sje að aðalefninu samhljóða lagafrumvarpi því með sömu fyrirsögn frá alþingi 1893, er synjað var staðfestingar með allraðæstum úrskurði 10. nóvbr. 1894, og breytingar þær, sem alþingi hefir samþykkt, að líkindum eigi